

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 954/79**frá 15. maí 1979****um fullgildingu aðildarríkjanna á eða aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna um starfsreglur fyrir samsiglingakerfi**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 84. gr.,

með hliðsjón af reglugerðardrögum sem framkvæmdastjórnin lagði fram,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Samningur um starfsreglur fyrir samsiglingakerfi hefur verið saminn á fundi sem kallaður var saman á vegum ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipta- og þróunarmál og er hann tilbúinn til fullgildingar eða aðildar.

Viðfangsefni það sem starfsreglurnar ná til skiptir miklu máli, ekki aðeins fyrir aðildarríkin heldur einnig fyrir bandalagið, einkum frá sjónarhóli flutninga á sjó og viðskipta og því er mikilvægt að mótuð sé sameiginleg afstaða til þessara reglna.

Við mótun þessarar sameiginlegu afstöðu ber að taka fullt tillit til meginreglna og markmiða sáttmálans og stuðla svo um munar að því að uppfylla vonir þróunarlandanna á sviði flutninga á sjó en keppa jafnframt að því markmiði að beita á þessu sviði viðskiptareglum sem notaðar eru af skipafélögum í OECD-löndunum og í kaupsiglingum milli þessara landa.

Miklu skiptir að aðildarríkin fullgildi eða gerist aðilar að starfsreglunum, með fyrirvara um tiltekið fyrirkomulag sem kveðið er á um í reglugerð þessari, svo að tryggt sé að þessar

meginreglur og markmið séu haldin í heiðri enda eru engin ákvæði í starfsreglunum sem heimila bandalaginu sem slíku að gerast aðili.

Sá stöðugleiki sem samsiglingakerfin skapa við að tryggja áreiðanlega þjónustu fyrir farmflytjendur er viðurkenndur en engu að síður er nauðsynlegt að komast hjá því að samsiglingakerfin brjóti hugsanlega þær samkeppnisreglur sem mælt er fyrir um í sáttmálanum. Framkvæmdastjórnin mun því leggja fyrir ráðið tillögu að reglugerð um beitingu þessara reglna í flutningum á sjó.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Þegar aðildarríkin fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um starfsreglur fyrir samsiglingakerfi eða gerast aðilar að honum skulu þau tilkynna aðalritara Sameinuðu þjóðanna skriflega um fullgildingu eða aðild í samræmi við þessa reglugerð.

2. Með fullgildingar- eða aðildarskjalinu skulu fylgja þeir fyrirvarar sem tilgreindir eru í I. viðauka.

2. gr.

1. Sé um að ræða starfandi samsiglingakerfi skal hver hópur skipafélaga sama þjóðernis, sem eiga aðild, því semja um það við annað skipafélag sama þjóðernis hvort hið síðarnefnda megi vera aðili sem innlent skipafélag í téðu samsiglingakerfi.

Ef nýtt samsiglingakerfi er stofnað skulu skipafélög sama þjóðernis semja um það sín á milli hvert þeirra geti tekið þátt sem innlent skipafélag í því samsiglingakerfi sem til stendur að stofna.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 131, 5. 6. 1978, bls. 34.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 269, 13. 11. 1978, bls. 46.

2. Leiði samningarnir sem um getur í 1. mgr. ekki til niðurstöðu getur hvert aðildarríki að beiðni eins skipafélaganna og eftir að öll félög hafa fengið áheyrn gert nauðsynlegar ráðstafanir til að leysa deiluna.

3. Hvert aðildarríki skal tryggja að öll skipafélög, sem starfrækja flutningaskip og staðfestu hafa á yfirráðasvæði ríkisins samkvæmt stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, njóti sömu meðferðar og skipafélög sem hafa aðsetur stjórnar á yfirráðasvæði þess og er í raun stjórnad þaðan.

3. gr.

1. Ef samsiglingakerfi notar einhvers konar samlagsfyrirkomulag („pool“) eða annað samkomulag um löndun, siglingar eða niðurbjörgun farms í samræmi við 2. gr. starfsreglnanna, skal því farmmagni, sem hópur innlendra skipafélaga í hverju aðildarríki sem siglir á þeirri leið eða skipafélögin í aðildarríkjunum sem sigla á þeirri leið sem skipafélög utan bandalagsins eiga rétt á samkvæmt reglunum, skipt á milli þeirra nema öll skipafélögin sem aðild eiga að samsiglingakerfinu og gildandi reglum um skiptingu hafi tekið ákvörðun um hið gagnstæða. Þessi skipting farms skal fara fram á grundvelli einróma ákvörðunar þeirra skipafélaga sem aðild eiga að samsiglingakerfinu og taka þátt í skiptingunni í því augnamiði að tryggja öllum sanngjarna hlutdeild í kaupsiglingum samsiglingakerfisins.

2. Sá hlutur sem á endanum fellur hverjum þátttakanda í skaut skal ákvarðaður út frá viðskiptalögmálum og taki einkum mið af:

- a) því magni farms sem samsiglingakerfið flytur og sem kemur frá þeim aðildarríkjum sem það þjónar;
- b) fyrri flutningum skipafélaganna í þeim siglingum sem samlagsfyrirkomulagið tekur til;
- c) því magni farms sem samsiglingakerfið flytur og flutt er um hafnir aðildarríkjanna;
- d) þörfum farmflytjenda sem samsiglingakerfið annast flutninga fyrir.

3. Náist ekki samkomulag um þá skiptingu farms sem um getur í 1. mgr., skal málinu, að beiðni eins aðilans, vísað til sáttgerðar í samræmi við þær reglur sem frá er greint í II. viðauka. Hverri þeirri deilu sem ekki leysist með þessum

hætti er heimilt að vísa í gerðardóm. Komi til þess skal gerðardómsúrskurðurinn vera bindandi.

4. Með fyrirfram ákveðnu millibili skal endurmeta hluti sem skipt er í samræmi við 1., 2. og 3. mgr., með hliðsjón af þeim viðmiðunum sem greint er frá í 2. mgr., í því augnamiði að veita farmflytjendum næga og skilvirka þjónustu.

4. gr.

1. Í siglingum samsiglingakerfis milli aðildarríkis bandalagsins og ríkis sem á aðild að starfsreglunum og er ekki aðili að OECD, er skipafélagi frá öðru aðildarríki OECD, sem æskir þess að eiga hlutdeild í þeirri skiptingu sem kveðið er á um í 3. gr. þessarar reglugerðar, heimilt að gera það með fyrirvara um gagnkvæmni eins og hún er skilgreind af stjórnvöldum og skipaiegendum.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. þessarar greinar skal ekki beita 2. gr. í starfsreglunum í siglingum samsiglingakerfis milli aðildarríkja, eða á gagnkvæmum grundvelli, milli þeirra ríkja og annarra OECD-ríkja sem aðild eiga að reglunum.

3. Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar hafa ekki áhrif á tækifæri skipafélaga frá þróunarlöndunum, sem viðurkennd eru sem innlend skipafélög í starfsreglunum, til þátttöku í slíkum siglingum sem skipafélög utan bandalagsins, í samræmi við þær meginreglur sem fram koma í 2. gr. starfsreglnanna enda:

- a) séu þau þá þegar aðilar að samsiglingakerfi sem þjónar þessum siglingaleiðum; eða
- b) fái þau aðild að því samsiglingakerfi samkvæmt 3. mgr. 1. gr. í reglunum.

4. Ákvæðum 3. gr. og 9. mgr. 14. gr. í starfsreglunum skal ekki beitt í siglingum samsiglingakerfisins milli aðildarríkja eða, á gagnkvæmum grundvelli, milli þeirra ríkja og annarra OECD-ríkja sem aðild eiga að reglunum.

5. Í siglingum samsiglingakerfis milli aðildarríkja og milli þeirra ríkja og annarra OECD-ríkja sem aðild eiga að reglunum skulu farmflytjendur og skipafélög ekki fara fram á að þeim reglum um lausn deilna, sem kveðið er á um í VI. kafla starfsreglnanna, verði beitt í gagnkvæmum viðskiptum þeirra eða, á gagnkvæmum grundvelli, gagnvart farmflytjendum og skipafélögum í öðrum OECD-löndum, hafi um það verið samið þeirra á milli að nota aðrar reglur við lausn deilna. Einkum skulu þeir færa sér að fullu í nyt

tækifæri þau sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 25. gr. í starfsreglunum um lausn með öðrum aðferðum en mælt er fyrir um í VI. kafla reglnanna.

5. gr.

Við samþykkt ákvarðana um málefni sem skilgreind eru í samningum samsiglingakerfisins um kaupsiglingar aðildarríkis, önnur en þau sem um getur í 3. gr. þessarar reglugerðar.

ar, skulu innlendu skipafélögin hafa samráð við öll önnur skipafélög innan bandalagsins sem aðild eiga að samsiglingakerfinu áður en þau veita eða synja um samþykki sitt.

6. gr.

Aðildarríkin skulu þegar færi gefst og að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina samþykkja lög og stjórnslufyrirmæli sem nauðsynleg eru fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 1979.

Fyrir hönd ráðsins,

R. BOULIN

forseti.

*I. VIÐAUKI***FYRIRVARAR**

Þegar aðildarríki fullgilda samninginn eða gerast aðilar að honum skulu þau gera eftirfarandi þrjá fyrirvara og fyrirvara um túlkun:

1. Að því er varðar starfsreglurnar, skal hugtakið „innlent skipafélag“, hvað aðildarríkjum bandalagsins viðvíkur, ná til allra flutningaskipafélaga sem staðfestu hafa á yfirráðasvæði þess aðildarríkis í samræmi við stofnsáttmála Efnahagsbandalagsins.
2. a) Með fyrirvara um ákvæði b-liðar í þessum fyrirvara skal 2. gr. starfsreglnanna ekki gilda um siglingar samsiglingakerfis milli aðildarríkja bandalagsins eða, á gagnkvæmum grundvelli, milli þeirra ríkja og annarra OECD-ríkja sem aðild eiga að reglunum.
b) Ákvæðin í a-lið hafa ekki áhrif á tækifæri skipafélaga frá þróunarlöndunum, sem viðurkennd eru sem innlend skipafélög í starfsreglunum, til þátttöku í slíkum siglingum sem skipafélög utan bandalagsins, í samræmi við þær meginreglur sem fram koma í 2. gr. starfsreglnanna enda:
 - i) séu þau þá þegar aðilar að samsiglingakerfi sem þjónar þessum siglingaleiðum; eða
 - ii) fái þau aðild að því samsiglingakerfi samkvæmt 3. mgr. 1. gr. í reglunum.
3. Ákvæði 3. gr. og 9. mgr. 14. gr. starfsreglnanna skulu ekki gilda um siglingar samsiglingakerfis milli aðildarríkja bandalagsins eða, á gagnkvæmum grundvelli, milli þeirra ríkja og annarra OECD-ríkja sem aðild eiga að reglunum.
4. Í kaupsiglingum sem 3. gr. reglnanna gildir um er síðasti málsliður þeirrar greinar túlkaður svo:
 - a) hinir tveir hópar innlendra skipafélaga munu samræma afstöðu sína áður en gengið verður til atkvæða um málefni sem snerta kaupsiglingar milli landa þeirra;
 - b) þessi málsliður gildir einvörðungu um mál sem í samningi um samsiglingakerfið er talið að þurfi samþykki beggja hópa og ekki um öll málefni sem falla undir samninginn.

*II. VIÐAUKI***SÁTTAUMLEITANIR SEM UM GETUR Í 3. MGR. 3. GR.**

Deiluaðilar skulu tilnefna einn eða fleiri sáttasemjara.

Náist ekki samkomulag um þetta, skal hvor samningsaðili tilnefna sáttasemjara og þeir velja sér hinn þriðja sem formann. Bregðist það að deiluaðili tilnefni sáttasemjara eða sáttasemjaramir nái ekki samkomulagi um formann, skal forseti Alþjóðaverslunarráðsins, að beiðni annars deiluaðilans, annast nauðsynlegar tilnefningar. Sáttasemjaramir skulu gera sitt ytrasta til að leysa deiluna. Þeir skulu ákveða málsmeðferðina. Deiluaðilar skulu greiða þóknun til þeirra.